

Neyðarlínan ohf.

Ársreikningur
2024

Neyðarlínan ohf.
Skógarhlíð 14
101 Reykjavík

Kt. 511095-2559

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	6
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Sjóðstreymisyfirlit	11
Skýringar	12

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Meginstarfsemi félagsins

Neyðarlínan ohf. var stofnuð í október 1995. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða og skyldur rekstur. Rekstur neyðarstöðvar er í samræmi við lög nr. 40/2008 um samræmda neyðarsvörun. Félagið ber einnig ábyrgð á rekstri vaktstöðvar siglinga í samræmi við lög nr. 41/2003 og Tetra neyðar- og öryggisfjarskiptapjónustu í samræmi við lög nr. 70/2022 fyrir löggæslu og aðra viðbragðsaðila, björgunarsveitir, orkufyrirtæki og fleiri.

Starfsemin á árinu

Starfsemi neyðarsvörunar 112 gekk vel þrátt fyrir mikið álag vegna alvarlega slysa og fjölda banaslysa í umferðinni í upphafi árs. Árið 2024 bárust neyðarlínunni 260.148 erindi og voru af þeim rúmlega 77% flokkuð sem neyðartilvik. Þetta er lækun frá fyrra ári, en Neyðarlínan fór á árinu í herferðina "hvað get ég gert?" sem hvatti almenning að leita sér ráða í gegnum heimasíðuna. Einnig hefur uppfærsla á símabúnaði, tengingum símafyrirtækja, haft þau áhrif að óþarfa áreiti af biluðum sínum og hefur minnkað

Fjöldi sjúkraflutninga helst í sömu tölu og í fyrra eða í kringum 60.000 flutningar. Þó má enn nefna aukningu vegna veikinda einstaklinga sem hefur farið vaxandi síðan árið 2020 en aðrir málaflokkar hafa lítið breyst milli ára. Neyðarlínan þjónustaði 34 flutningsaðila í útkalli og af þeim átti Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins um 65,7% verkefna. Slökkviliðsmál voru um 2.800, þar af 47,4% F1 og F2 mál, yfir allt landið og af þeim átti Slökkvilið Höfuðborgarsvæðisins rúm 50% af málunum. Jarðhræringar og eldgos á Reykjanesi settu mikinn svip á starfsemi ársins og sendi Neyðarlínan mikinn fjölda váboða vegna þessa en í heildina sendi Neyðarlínan váboð í 810.000 farsíma yfir árið. Mikil samvinna hefur átt sér stað árinu milli Neyðarlínu og heilbrigðisráðuneytis. Helst ber að nefna þar innleiðingu á verkefni fjarskiptalæknis og kortlagningu á hjartastuðtækjum. Töluverð reynsla er komin á verkefni fjarskiptalæknis og hefur reynst góð viðbót. Einnig var farið var í samvinnu við Húsnæðis og mannvirkjastofnun við að endurskoða námsefni, ferla og upplýsingamiðlun vegna brunamála.

Tetra fjarskiptapjónustan gekk vel á árinu og notendum heldur áfram að fjölga og Tetra kerfið var almennt í góðu ástandi. Meðaluppitími senda árið 2024 var 99,88% en hann var 99,92% á árinu 2023. Að venju eru það hálendisstaðir sem erfitt er að þjónusta sem draga meðaltalið niður. Ef frá er talin sá staður sem verst gekk að reka var meðaluppitími 99,95%. Settir voru upp nýir sendar á Dynjandisheiði, Hófaskarði nærri Raufarhöfn og við Almannaskarðsgöng. Í árslok voru 204 sendar virkir í kerfinu auk færanlegra senda og endurvarpa, sem eru á um 40 stöðum víðsvegar um landið. Eins og undanfarin ár var mikil endurnýjun á Tetra farstöðvum og annir voru við að útvega og forrita nýjar stöðvar en í árslok voru um 11.500 farstöðvar virkar við Tetra kerfið. Í október varð bilun í rafkerfum í sírstöð á Akureyri. Það olli því að sambandabúnaður þar varð rafmagnslaus og þannig að úr varð um hálf tíma rof á Tetra þjónustu í innanverðum Eyjafirði þ.m.t. Akureyri. Á sama tíma stöðvaðist þar meginhluti almennra fjarskiptapjónustu og varð svæðið því svo til sambandslaust á meðan. Í ljósi alvarleika þessa var ráðist í umfangsmiklar aðgerðir til að lágmarka líkur á sambærilegu áfalli, til viðbótar við það sem áður hefur verið gert, og er sú vinna enn í gangi. Hefur félagið meðal annars leitað til Orkufjarskipta sem einnig er í opinberri eigu um aðgang að sambandakerfi þess til þrautarvara.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Félagið rekur fjarskiptabúnað á um 270 staðsetningum um landið allt. Farnar eru rekstrareftirlitsferðir á alla þessa staði árlega en segja má að rekstrareftirlit þetta sé eitt helsta verkefni tæknimanna Neyðarlínunnar á hverju ári. Af þessum stöðum rekur félagið sjálft um 125 fjarskiptastaði til eigin nota og til útleigu sem einnig kallar á viðhald og endurnýjun. Settir voru upp fjarskiptastaðir, varaafstöðvar og önnur slík mannvirki á um 7 stöðum á landinu en að hluta var þar um verkefni fyrir löggæsluaðila að ræða. Áframhaldandi styrking og uppsetning vararafstöðva eflir áfallaþol bæði fjarskiptakerfi neyðar- og viðbragðsaðila en einnig almennu fjarskiptakerfin umtalsvert, áfram er lögð áhersla á þessi verkefni. Á vormánuðum 2024 óskaði Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra eftir því að Neyðarlínan tæki að sér að hanna og koma upp stýringum fyrir viðvörunarlúðra sem staðsettir eru í og við Grindavík í tengslum við náttúruhamfarir á svæðinu. Hönnun var lögð fram um sumarið og kerfið sett upp og komið í rekstur. Þá stóð Neyðarlínan að því að lagður var nýr rafstrengur að fjarskiptastaðnum Þorbjarnarfelli þar sem aflfæðing á staðinn hafði eyðilagst og farið undir hraun norðan Grindavíkur.

Á árinu 2024 voru uppköll til vaktstöðvar siglinga rétt tæplega 98 þúsund og fjölgar uppköllum um fjögur þúsund frá 2023. Handvirkar inn- og útmeldingar voru um 16 og 47 þúsund, sem er nokkru fleiri en var 2023. Fjölgun tilkynninga með smáforriti var um tvö þúsund. Á vaktstöð siglinga var unnið að viðhaldi kerfa en nokkuð var um bilanir m.a. vegna eldinga. Vinnu við endurnýjun miðkerfis fjarskipta sem staðið hafði yfir frá árslokum 2022 lauk í mars. Komið er að endurnýjun fjarskiptakerfisins og hluta upplýsingakerfanna og er undirbúningur að því að hefjast. Einnig var unnið að endurnýjun á þjónustusamningi við Vegagerðina en samningstíminn rann út í árslok 2024.

Alþjónustukvöð sem lögð var á félagið með ákvörðun Fjarskiptastofu á árinu 2020 var endurnýjuð um mitt árið 2024. Sú breyting varð á kvöðinni að nú er megináhersla lögð á uppsetningu nýrra farsímasenda og er stefnt að því að setja árlega upp 3-4 nýja senda á gildistíma kvaðarinnar í samstarfi við farsímafélögin. Áfram er þó gert ráð fyrir því að tengja heimili sem eru án lágmarks fjarskiptaþjónustu. Tilgangur með þátttöku Neyðarlínunnar í þessu verkefni er nú sem fyrr að tryggja að sem víðast verði hægt að hringja í 112.

Í árslok störfuðu 45 starfsmenn hjá Neyðarlínunni, þar af voru 28 við neyðarsvörun 112, 12 í tæknideild sem þjónar Tetra, vaktstöð siglinga, mannvirkjum og alþjónustu og 5 á skrifstofu.

Í apríl kom út fjármálaáætlun nýrrar ríkisstjórnar þar sem fram kemur að nýbyggingu fyrir viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu verði frestað um óákveðinn tíma. Í maí voru varðstofur fluttar neyðarflutningum úr kjallara Björgunarmiðstöðvarinnar vegna myglu og fyrirsjáanlegra viðgerða vegna hennar. Á sama tíma var Samhæfingar- og stjórnstöð almannavarna (SST) færð úr húsinu í bráðabirgðahúsnæði að Laugavegi 166 en þar hefur einnig verið komið upp varastöð fyrir neyðarsvörun 112. Varðstofur voru færðar á efstu hæð Björgunarmiðstöðvarinnar þar sem áður var mötuneyti. Varðstofurnar búa þar við mjög þröngan kost og er áriðandi að bætt verði úr hið fyrsta. Í febrúar varð alvarleg truflun á upplýsinga- og fjarskiptakerfum neyðarsvörunar sem olli því að sumir innhringjendur náðu ekki sambandi við 112 og stóð truflunin yfir í tæpar 3 klst. Truflunin var rekin til reglulegrar uppfærslu eldveggja sem fór úrskeiðis. Í kjölfar nánari greiningar á orsökum útfallsins var ákveðið að ráðast í allsherjar endurskoðun á fyrirkomulagi upplýsingakerfa, uppfærslu og endurnýjun þeirra, breytinga á högun þeirra, uppsetningu varastöðvar, innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis skv. ISO 270001 og fleira. Stóð sú vinna yfir allt árið og er gert ráð fyrir að henni ljúki ekki fyrr en seinni hluta árs 2025 með vottun stjórnkerfisins.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður 2,7 millj. kr. á árinu 2024. Eignir félagsins námu 632 millj. kr. og eigið fé nam 299,5 millj. kr. í árslok 2024 samkvæmt efnahagsreikningi að meðtöldu hlutafé að fjárhæð 15,5 millj. kr.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.

Óvissuþættir og rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 13 í ársreikningi hefur Ríkisskattstjóri hafið sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattsskráningu félagsins. Skoðunin beinist að því hvort félagið uppfylli skilyrði fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá, eða hvort því beri að hlutfalla innskatt.

Komi til þess að félagið verði afskráð af virðisaukaskattskrá eða innskattur verði hlutfallaður afturvirkir, myndi það hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins.

Í því tilviki mun stjórn félagsins leita eftir því við Fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga 2025, að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins. Af þeim sökum telur félagið ekki ríkja óvissu um rekstrarhæfi þess sbr. umfjöllun í skýringu nr. 14.

Ráðstöfun hagnaðar

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur út arður til hluthafa á árinu 2025, en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og jöfnun tapsins.

Eignarhald

Í lok og upphafi ársins var einn eigandi að félaginu, Ríkissjóður með 100% eignarhlut.


Staðfesting ársreiknings

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok 2024, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun félagsins á árinu 2024, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Neyðarlínunnar ohf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 25. júní 2025.

Stjórn og framkvæmdastjóri:

The image shows five handwritten signatures in blue ink, stacked vertically. The signatures are cursive and appear to be of Icelandic origin. The first signature is the most legible, followed by the others which are more stylized.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Neyðarlínunnar ohf.,

Álit með fyrirvara

Ársreikningur Neyðarlínunnar ohf. fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að undanskildum mögulegum áhrifum þess sem lýst er í kaflanum „Ástæður fyrir álit með fyrirvara“ að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Neyðarlínunnar ohf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ástæður fyrir álit með fyrirvara

Við viljum vekja athygli á skýringu 14 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi og skýringu 13 sem fjallar um óvissa skuldbindingu vegna virðisaukaskatts sem er til skoðunar hjá skattayfirlöðum. Óvissa ríkir um úrlausn og tímasetningu mögulegrar skuldbindingar vegna virðisaukaskatts. Ef skuldbindingin raungerist að fullu gæti hún haft veruleg áhrif á rekstrargjöld og aðrar skammtímaskuldir félagsins og getu þess til að halda áfram rekstri. Stjórnendur hafa hvorki fært né greint frá fjárhæð mögulegrar skuldbindingar vegna málsins og útbúið ársreikninginn á grundvelli áframhaldandi rekstrarhæfis. Vegna skorts á nægjanlegum og viðeigandi endurskoðunargögnum varðandi möguleg áhrif þessa máls getur Ríkisendurskoðun ekki lagt mat á hvort rekstrargjöld og aðrar skammtímaskuldir séu án verulegrar skekkju eða hvort forsendan um áframhaldandi rekstrarhæfi sé viðeigandi.

Álit embættisins á ársreikningnum er að öðru leyti án fyrirvara.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Neyðarlínunni og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar.

Að undanskildu því sem lýst er í kaflanum „Ástæður fyrir álit með fyrirvara“ teljum við að þau endurskoðunargögn sem við höfum aflað séu nægjanleg og viðeigandi til að veita grundvöll fyrir álit okkar.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Neyðarlínunnar ohf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þeir ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Afklar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun Ríkisendurskoðunar, frh.:

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 25.6.2024

Guðmundur Björgvin Helgason,
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Rekstrartekjur	12	1.927.836.355	1.888.158.944
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	727.778.234	657.339.830
Rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar		747.147.788	743.731.232
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		126.629.220	99.324.850
Rekstur húsnæðis		199.744.220	193.415.924
Rekstur varðstofu		96.712.653	136.406.160
Rekstur bifreiða		19.444.462	17.970.619
Afskriftir	5	6.608.096	3.931.828
		1.924.064.673	1.852.120.443
Rekstrarhagnaður fyrir fjármunat. og fjármagnsgj.		3.771.682	36.038.501
Vaxtatekjur		1.858.394	783.797
Vaxtagjöld	(	2.551.456)	(4.040.621)
Gengismunur		335.629	(1.674.950)
	(	357.433)	(4.931.774)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		3.414.249	31.106.727
Tekjuskattur	4	(687.030)	(6.225.386)
Hagnaður ársins	11	2.727.219	24.881.341

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	31.12.2024	31.12.2023
Eignir			
Rekstarfjármunir	5	103.562.129	10.736.779
Eignarhlutur í félagi	8	311.489.994	311.489.994
Tekjuskattseign	9	3.852.888	4.539.918
Fastafjármunir		418.905.011	326.766.691
Birgðir		36.869.428	31.391.111
Viðskiptakröfur		75.160.012	85.183.621
Krafa á tengda aðila	12	43.532.543	72.219.077
Aðrar skammtímakröfur		5.572.169	2.217.402
Virðisaukaskattur, inneign		43.188.218	50.577.848
Handbært fé		9.199.548	1.109.455
Veltufjármunir		213.521.918	242.698.514
Eignir samtals		632.426.929	569.465.205
Eigið fé			
Hlutfé	10	15.485.000	15.485.000
Bundið eigið fé		246.705.728	246.705.728
Óráðstafað eigið fé		37.353.850	34.626.631
Eigið fé	11	299.544.578	296.817.359
Skammtímaskuldir			
Skuldir við lánastofnanir		42.398.337	8.999.102
Viðskiptaskuldir		127.186.148	117.926.360
Skuldir við tengda aðila	12	85.033.483	64.013.432
Aðrar skammtímaskuldir		78.264.383	81.708.952
Skammtímaskuldir		332.882.351	272.647.846
Skuldir samtals		332.882.351	272.647.846
Eigið fé og skuldir samtals		632.426.929	569.465.205

Skýringar

1. Almennar upplýsingar um Neyðarlínuna ohf.

Neyðarlínan ohf. er sjálfstætt starfandi opinbert hlutafélag í eigu íslenska ríkisins. Höfuðstöðvar félagsins eru að Skógarhlíð 14, Reykjavík.

Tilgangur félagsins er rekstur stjórnstöðvar vegna samræmdrar neyðarsvörunar, almenn svörun neyðarboða, skipulagning viðbragða, rekstur öryggis- og fjarskiptakerfa og skyldur rekstur..

2. Reikningsskilaaðferir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Reikningsskil félagsins miðast við áframhaldandi rekstrarhæfi.

b. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðli á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörssdegi. Gengismunur sem myndast er færður meðal fjármunatekna og fjármagnsgjalda í rekstrarreikning.

c. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á vörum eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarhald flyst til kaupanda. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar hún hefur verið innt af hendi.

d. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frá dregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Áhöld, tæki og innréttingar	5 ár
Bifreiðar	5 ár

Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverði og bókfærðu verði eignarinnar og er færður í rekstrarreikning meðal annarra tekna en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

e. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á því verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeildar í eigin fé þeirra við kaup.

f. Skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

g. Birgðir

Birgðir endursöluvara eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til rýrnunar.

h. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

Skýringar, frh.:

i. Tekjuskattur

Tekjuskattseign er reiknuð og færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun á efnahagsliðum samkvæmt skattauppgjöri annars vegar og reikningsskilum félagsins hins vegar. Mismunur, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar aðallega um tímamismun að ræða þar sem gjöld, einkum afskriftir, eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í ársreikningi.

3. Starfsmannamál

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2024	2023
Laun	561.521.048	511.658.265
Launatengd gjöld og ýmis starfsmannakostnaður	166.257.186	145.681.565
Laun og launatengd gjöld samtals	727.778.234	657.339.830
Stöðugildi að meðaltali yfir árið	48,8	42,5
Laun stjórnar og framkvæmdastjóra	29.309.345	28.774.336

4. Tekjuskattur

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2024	2023
Hagnaður fyrir skatta	3.414.249	31.106.727
Tekjuskattur samkvæmt		
gildandi skatthlutfalli	20,0% (682.850)	20,0% (6.221.345)
Annað	0,1% (4.180)	0,0% (4.041)
Virkur tekjuskattur	20,1% (687.029)	20,0% (6.225.386)

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld og tæki	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2024	15.051.449	55.068.130	70.119.579
Viðbót á árinu	57.797.252	41.636.194	99.433.446
Stofnverð 31.12.2024	72.848.701	96.704.324	169.553.025
Afskrifað samtals 1.1.2024	10.451.548	48.931.252	59.382.800
Afskrifað á árinu	884.228	5.723.868	6.608.096
Afskrifað samtals 31.12.2024	11.335.776	54.655.120	65.990.896
Bókfært verð 1.1.2024	4.599.901	6.136.878	10.736.779
Bókfært verð 31.12.2024	61.512.925	42.049.204	103.562.129

Skýringar, frh.:

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert leigusamning um hluta eignar að Skógarhlíð 14, Reykjavík. Skuldbinding vegna þessa hefur ekki verið færð í efnahagsreikning en hún nemur 133 millj. kr. í árslok á verðlagi í lok ársins. Samningurinn er tímabundinn og líkur 1. nóvember 2028 en er þó heimilt að segja upp með árs fyrirvara frá og með 1. nóvember 2022. Jafnframt hefur félagið gert leigusamninga við nokkra aðila um leigu fyrir búnað í möstrum eða fjarskiptahúsum og nemur samtals skuldbinding vegna þeirra 27 millj. kr. í árslok 2024. Samningarnir eru ótímabundnir með 1-12 mánaða uppsagnarfresti. Leigugjöld ársins nema 63,5 millj. kr. og eru færð til gjalda meðal reksturs húsnæðis í rekstrarreikningi. Leiguskuldbinding félagsins skiptist með eftirfarandi hætti á næstu ár.

Leiguskuldbinding vegna næstu fimm ára	159.605.950
Samtals leiguskuldbinding 31.12.2024	159.605.950

Félagið leigir jafnframt fjarskiptakerfi, fjarskiptastöðvar og annað því tengt af Öryggisfjarskiptum ehf. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2018 og gildir þar til annar hvor samningsaðila segir honum upp. Samningurinn er uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigugjöld ársins nema 420 millj. kr. og eru færð meðal rekstrar- tækni og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

7. Vátryggingarverð

Vátryggingarverð lagers, áhalda, tækja og bifreiða nam 394 millj. kr. í árslok en bókfært verð nam 140 millj. kr.

8. Eignarhlutur í félagi

Eignarhlutir í félagi greinast þannig:	Eignarhlutur	2024	Bókfært verð
		hlutdeild í afkomu	
Öryggisfjarskipti ehf.	14,22%	0	311.489.994

Hlutfé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þáttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárukningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutadeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leiti. Bókfært virði eignarhlutans í árslok 2022, myndar nýtt kostnaðarverð sem síðan er metið fyrir virðisrýrnun ef vísbendingar eru fyrir hendi.

9. Tekjuskattseign

Skatteign félagsins greinist þannig:	2024	2023
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	4.539.918	9.900.567
Tekjuskattur í rekstrarreikningi	(687.030)	(6.225.386)
Reiknaður tekjuskattur til greiðslu	0	864.737
Reiknuð skatteign í árslok	3.852.888	4.539.918
Tekjuskattseign skiptist þannig:	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	(514.738)	2.917.574
Viðskiptakröfur	645.380	1.151.950
Fyrirframgreiddur kostnaður	(1.034.280)	0
Gengismunur	66.913	470.394
Yfirfæranlegt skattalegt tap	4.689.613	0
Tekjuskattseign í árslok	3.852.888	4.539.918

Tekjuskattseign er færð upp í ársreikningi félagsins fyrir árið 2024. Félagið var á árum áður rekið með nokkru skattalegu tapi og ekki markmið félagsins að vera rekið með hagnaði heldur að veita eins góða þjónustu og hægt er miðað við það fjármagn sem félagið hefur yfir að ráða. Nú hefur hins vegar verið skattalegur hagnaður á rekstri félagsins undanfarin ár, þó árið 2024 sé undanskilið, þá er það mat stjórnenda að rétt sé að færa upp tekjuskattseign og reikna tekjuskatt í rekstrarreikningi. Yfirfæranlegt skattalegt tap félagsins í árslok 2024 nemur 22,2 millj. kr. og er nýtanlegt til ársloka 2034.

10. Hlutfé

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 15.485.000 kr. í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

11. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutfé	Bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2024	15.485.000	246.705.728	34.626.631	296.817.359
Hagnaður ársins			2.727.219	2.727.219
Eigið fé 31.12.2024	15.485.000	246.705.728	37.353.850	299.544.578
Bundið eigið fé greinist þannig:	Lögbundinn varasjóður	Yfirverð hlutafjár	Hlutdeildar- reikningur	Samtals
Staða 1.1.2024	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728
Staða 31.12.2024	3.871.250	89.914.713	152.919.765	246.705.728

Hlutfé Öryggisfjarskipta ehf. var aukið um 500 millj.kr. í janúar 2023 án þáttöku Neyðarlínunnar ohf. Við þá hlutafjárahaukningu lækkaði eignarhluti í Öryggisfjarskiptum ehf. niður fyrir 20% og flokkast eignarhlutinn því ekki lengur sem hlutadeildarfélag samkvæmt 22.tl. 2.gr. laga um ársreikninga. Við framangreinda breytingu verður ekki tilfærsla á bundnum hlutdeildarreikningi meðal eiginfjár yfir á óráðstafað eigið fé, fyrr en eignarhluturinn er seldur að hluta eða öllu leiti.

12. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, eigendur og fjölskyldur þeirra, stórir fjárfestar, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög og samrekstrarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

Upplýsingar um tengda aðila eru eftirfarandi:

	Endurrukkaður					
		kostnaður	Leigu-	Vextir	Krafa	Skuld
Árið 2024	Seld þjónusta	og þjónusta	greiðslur	gjaldfærðir		
Öryggisfjarskipti ehf. 2024	30.458.460	125.691.440	419.999.988	1.263.845		78.163.582
Ríkissjóður og tengdir aðilar	566.449.646	92.181.450			43.532.543	6.869.901
	596.908.106	217.872.890	419.999.988	1.263.845	43.532.543	85.033.483
Árið 2023						
Öryggisfjarskipti ehf. 2023	24.728.953	278.931.461	398.992.992	1.809.515	0	64.013.432
Ríkissjóður og tengdir aðilar	541.576.857	93.190.768	0	0	72.219.077	0
	566.305.810	372.122.229	398.992.992	1.809.515	72.219.077	64.013.432

Félagið á í töluverðum viðskiptum við Öryggisfjarskipti ehf. sem felur fyrst og fremst í sér leigugjöld en einnig sér Neyðarlínan ohf. um innkaup á ýmsum búnaði, eignum og þjónustu sem félagið rukkar Öryggisfjarskipti ehf. fyrir. Endurrukkaður útlagður kostnaður er færður til lækkunar á gjöldum í rekstrarreikningi og er endurseldur á kostnaðarverði. Leigugjöld eru færð meðal rekstur tækni- og fjarskiptabúnaðar í rekstrarreikningi.

Meðal rekstrartekna er framlag ríkissjóðs að fjárhæð 1.091 millj.kr. (2023:1.069 millj. kr.).

13. Virðisaukaskattur

Í kjölfar þess að félagið lagði fram umsókn um leiðréttingu á innskatti vegna rekstraráranna 2021 til 2023, hóf ríkisskattstjóri sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattskráningu félagsins. Skoðun þessi beinist annars vegar að því hvort félagið uppfylli skilyrði skráningar á virðisaukaskattskrá og hins vegar hvort rétt sé að hlutfalla innskatt vegna lögbundinnar starfsemi þess. Sú skoðun er enn í gangi.

Ríkisskattstjóri hefur óskað eftir frekari gögnum og rökstuðningi varðandi skráningu félagsins. Undanfarin ár hefur félagið verið með hærri innskatt en útskatt en áætlanir fyrir árið 2025 benda til þess að breyting verði þar á og að útskattur verði hærri en innskattur.

Verði niðurstaða skoðunar sú að skráningu verði hafnað og félagið afskráð af virðisaukaskattskrá eða innskattur hlutfallaður, er hugsanlegt að kröfu félagsins um endurgreiðslu innskatts vegna fyrri ára verði einnig hafnað. Ekki er færð varúðarniðurfærsla vegna þessa þar sem á þessu stigi er óljóst hver niðurstaða málsins verður.

Loks má gera ráð fyrir að afskráning af virðisaukaskattskrá hefði í för með sér verulega hækkun rekstrarkostnaðar félagsins. Á móti kæmi að hluti innskatts er hugsanlega endurkræfur sem endurgreiðsla til stofnana ríkis og sveitarfélaga. Endanleg niðurstaða af hálfu ríkisskattstjóra liggur ekki fyrir, en vonir standa til að hún berist síðar á árinu 2025.

14. Rekstrarhæfi

Eins og fram kemur í skýringu nr. 13 hér að ofan hefur Ríkisskattstjóri hafið sjálfstæða skoðun á virðisaukaskattskráningu félagsins. Skoðunin beinist að því hvort félagið uppfylli skilyrði fyrir skráningu á virðisaukaskattskrá, eða hvort því beri að hlutfalla innskatt.

Í því tilviki mun stjórn félagsins leita eftir því við Fjármála- og efnahagsráðherra, í samræmi við heimildir í 6. gr. fjárlaga 2025, að tryggja áframhaldandi rekstrarhæfi félagsins.